


Nr.: GAT-045	<b>Verkmenntaskólinn á Akureyri</b>	
Útgáfa: 08		
Dags.: 30.08 2011		
Höfundur: HRS		
Samþykkt:SHJ	<b>SAGXS12</b> <b>Kennsluáætlun vorönn 2012</b>	
Síða 1 af 2		

<b>Kennari</b>	Svanhildur Daníelsdóttir	<b>Sk.st.</b>	SVA
----------------	--------------------------	---------------	-----

**Áfangalýsing:** Í áfanganum Saga á starfsbraut er fengist við íslenskt mál í tengslum við ýmislegt úr íslenskri menningarsögu s.s. þjóðhætti, þjóðtrú, þjóðsögur, þjóðlög, ættjarðarljóð, rímur, þjóðdansa, þjóðbúninga, hús og hýbílí áður fyrr og fl. Einnig og ekki síst, er skoðað hvernig mörg orð og orðatiltæki eiga uppruna sinn í fornum atvinnuháttum Íslendinga þ.e. landbúnaði og sjávarútvegi.

**Markmið:** Markmiðið er að auka málskilning, orðaforða og menningarsögulega kunnáttu nemenda.


**Námsgögn:** Kennari útbýr verkefni byggð á ýmsum bókum, s.s. Íslenskir Þjóðhættir e. Jónas Jónasson, Íslensk orðtök e. Sölva Sveinsson, Mergur málsins e. Jón G Friðjónsson, Íslenskir málshættir e. Bjarna Vilhjálmsson og Óskar Halldórsson, Saga daganna og Merkisdagar á mannsævinni e. Árna Björnsson, Íslenskt þjóðlíf í þúsund ár e. Daníel Bruun, ljóðabækur, smásagnasöfn og þjóðsagnasöfn. Einnig verður notað fræðsluefni af veraldarvefnum, myndbönd, kvikmyndir og ýmis spil sem reyna á kunnáttu í íslensku s.s. spilin Heilaspuni og Kollgátan. Stefnt að því að fara í heimsóknir á Héraðsskjalasafn/Amtsbókasafn og Minjasafn.

**Verkefni / áætlun um yfirferð:** Í kennslustundum vinna nemendur skrifleg og munnleg verkefni og lesa texta, bundinn og óbundinn sem krufinn verður til mergjar. Lagt verður upp úr samræðum og samvinnu þeirra á milli. Nemendur geyma verkefni í skólanum og safna þeim saman í vinnubók sem metin verður til einkunnar í annarlok.

**Námsmat og vægi námsþátta:** Símatásafangi (próflaus), einkunn gefin í heilum tölum við lok annar og byggist á eftirfarandi þáttum:

Verkefnaskil/vinnubók	40%
Miðannarkönnun ( í 7. viku)	20%
Lokakönnun ( í 16. viku )	20%
Ástundun og virkni í kennslustundum	20%

**Dagsetning:**

Nr.: GAT-045	<b>Verkmenntaskólinn á Akureyri</b>	
Útgáfa: 08		
Dags.: 30.08 2011	<b>SAGXS12</b> <b>Kennsluáætlun vorönn 2012</b>	
Höfundur: HRS		
Samþykkt:SHJ		
Síða 2 af 2		

**Undirritun kennara**

**Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils**